


Eitt af verkum Picassos, „Dora Maar“.

Pablo Picasso með skulptúr af Jacqueline.



Picasso, Samúel og listasnobbinn

N'ART
Mimensemblen frá Svíþjóð
Leikstjórn, kóregrafía:
Per Eric Asplund
Handrit: Per Eric Asplund og
Lena Ölfjörs
Leikmynd: Martin Sjöberg

Í síðasta hefti af „alþýðufræðaranum“ Samúel má finna óundirritaðan greinarstúf um Picassosýninguna að Kjarvalsstöðum. Þar er komist að mörgum athyglisverðum og bráðfyndnum niðurstöðum um Picasso, verk hans, ekkjuna Jacqueline og Forseta lýðveldisins, frá Vigdís. Hvort fréttin er tilviljun ein skal ósagt látið. Hitt er víst að hún er þannig skrifuð að „óundirritaður“ vill greinilega láta taka sig alvarlega. Vonandi boðar þetta ekki sinnaskipti hjá ritstjórn blaðsins, því hörmulegt væri ef Samúel hætti að vera blað þeirra sem áhuga hafa á bónuðum bílum og berum stelpum. Það hefur nefnilega enginn fitnað á menningarskrifum og þótt ritstjóri blaðsins sé hinn mesti galdrakarlar getur hann áreiðanlega ekki fremur en aðrir grætt á menningunni.

Hann, eða óundirritaður í nafni hans, gerir þó heiðarlega tilraun til að lauma gróðavænlega matreiddu menningarefni inn í síðasta heftið og notar til þess gamla trikkið; það að þyrlla upp moldvæðri hneykslis kringum einn stærsta menningarviðburð Listahátíðar 1986. Til þess fær hann sér stækkunargler eins og góðum rannsóknarblaðamanni sæmir. Ekki hefur hann lengi skoðað áður en hann kemst að því að listamanninum hefur láðst

ad árita flestar myndirnar að Kjarvalsstöðum. „Aha, doktor Watson! Listamaðurinn hefur ekki kvittað fyrir þær vegna þess að þær eru of lélegar til að hann vilji setja nafn sitt við.“

En Sherlock Holmes gleymir einu; nefnilega því að ekkjan Jacqueline á myndirnar. Og hvað táknar það? Jú, að myndirnar hefur listamaðurinn ekki haft tíma, eða vilja til að selja áður en hann dó. Og hvenær kvitta flestir eftirsóttir og heimsfrægir listamenn undir myndir sínar? Jú, einmitt þegar þeir selja þær. Og hvers vegna ekki fyrr? Vegna þess að það væri að bjóða heim innbrotspjófum að liggja með of mikið af dýrum, óseldum og árituðum málverkum heima hjá sér.

Þetta hefði hver heilvita maður getað sagt sér, eða er það e.t.v. síður Samúelsmanna að kvitta allar ávísarnir í tékkheftum sínum og geyma áður en þeir fylla þær út og framselja? Bágt á ég með að trúa því upp á svo slynga útgefendur. En málverk árituð af listamanni á borð við Picasso eru í hagfræðilegum skilningi ekki annað en kvittadar og óútfylltar ávísarnir. Reyndir þjófar gætu haft miljónir upp úr stuldi á einu slíku verki. Nafnlaust er verkið nokkuð óhult, því listamaðurinn á þess kost að sverja það af sér ef því er stolið og þar með hafa þjófararnir lítið upp úr krafsinu.

Hvað segir þetta okkur? Að áritun listamanns hefur ekki listrænt gildi heldur hagfræðilegt. Og hvað segir það okkur um þá Samúelsmenn? Ekki neitt minna

en það að þegar þeir væna forseta Íslands og aðra um listasnobb, fer fyrir þeim eins og kúm bóndans þegar þær fóru að kvarta undan fjósalykt. Þeir eru nefnilega sjálfir hin örgustu listasnobb. Því hvað er listasnobb? Það er sá sem ekki getur myndað sér persónulega skoðun á listrænu gildi listaverks öðru vísi en hengja hatt sinn á önnur gildi, einkum hagfræðileg, sem ekki koma listinni sjálfri neitt við.



HALLDÓR
B. RUNÓLFSSON

Þar eð rannsóknarblaðamaður Samúels sá fáar sem engar áritanir á verkum Picassos á Kjarvalsstöðum, var hann eins og fiskur á þurru landi. Hann gat ekki myndað sér skoðun á verkunum. En í stað þess að viðurkenna takmörk sín og segja heiðarlega við sjálfan sig að hann hafi því miður ekki vit á listum, íklæðist „óundirritaður“ öðrum búningi listasnobbsins; nefnilega tótrum blaðurskjóðunnar sem reynir að sannfæra sér takmarkaðri um ótvíræða sérfræðipækkingu sína. En Samúel til huggunar má segja að það þurfi einstakar gáfur til að hlaupa svona rækilega á sig í jafn stuttri grein. Því segi ég: „Strákar, svik- ið ekki núverandi lesendur Samúels. Haldið ykkur við það sem þið hafið þekkingu á: bónaða bíla

og berar stelpur. Látið öðrum eftir menninguna. Það er hvort sem er ekkert á henni að græða í þeim skilningi sem þið leggið í það orð.“

En lítum nánar á forsendur málsins. Það er fráleitt að ætla að þeir Samúelsmenn hafi fundið það upp hjá sjálfum sér að rannsaka áritanir á málverkunum að Kjarvalsstöðum. Trúlegra er að einhver „gáfumaðurinn“ hafi gausað þessu að þeim. Og þar erum við enn komin að vandræðum sem rekja má til bágborinnar, almennrar uppfraðslu. Svo virðist sem menn hafi búist við allt öðru af Picassosýningunni en því sem þeir sáu. Þeir hafa e.t.v. haldið að þar væri að finna frægustu verk málvarans, þau sem prýða svo margar gjafabækur og sýna einungis brot af heiðarframleiðslu listamannsins.

Þegar sú von brást, hlupu þeir í fýlu og þá var hendi næst að ata sýninguna auri. Þar leggst lítið fyrir landann eins og svo oft þegar hann fer með fleipur. Því hver er bættari að sjá listaverk sem hann gjörþekkir og veit af tugum bóka hvaða gildi hafa? Hver æfist í þeirri íþrótt að skoða listaverk, þegar hann getur lesið sér til á ótal stöðum hvaða skoðanir hann eigi að hafa á þeim? Það fylgir nefnilega sú blessun sýningunni á Kjarvalsstöðum að hana er ekki auðvelt að lesa af listaverkabókum, því verkin eru ekki í flokki þeirra þekktustu eftir listamanninn. En þau eru ekki verri fyrir þá sök, nema síður sé. Þau gera nefnilega auknar kröfur til okkar og heimta að við skoðum þau á

heiðarlegan og umbúðalausan hátt.

Ég vil ekki trúá því á obbann af samlöndum mínum að þeir þori ekki að líta inn á Kjarvalsstaði og mynda sér óvilhalla skoðanir á því sem fyrir augu ber. Það eru nefnilega forsendur allrar listskoðunar að menn virði það sem fyrir augu ber og svari því svo með sjálfum sér hvaða gildi það hafi. Til þess þurfa þeir að sam- hafa huga og tilfinningar, en ekki hlaupa eftir því sem misvitur náunginn segir þeim. Vissulega krefst það þjálfunar að mynda sér óhlutdræga og persónulega skoðun á listum, en sú þjálfun er vart flóknari sú sem aðrir þættir þjóðlífsins útheimta.

Fyrr eða síðar standa allir menn frammi fyrir því að þurfa að beita eigin dómgreind án utan- aðkomandi hjálpar. Ég býst t.d. við að flestir Íslendingar sem binda trúss sitt og ganga í hjónaband geri það á eigin ábyrgð. Hví ætti þeim að veitast erfiðara að gera upp við sig listrænar spurningar en velja sér maka til fram- búðar?

Það dæmalaus dómgreindar- leysi sem herjar á Vesturlönd í skjóli frekjulegs auglýsinga- skrums, virðist gera mönnum sí- fellt erfiðara að mynda sér sjálf- stæðar, persónulegar og frum- legar skoðanir um hvaðeina. Hvar endar þetta? Er nýr Göbbels í nánd? Ég spyr, því eftir því sem Bragi Ásgeirsson segir um þverrandi aðsókn að Kjarvals- stöðum (Mbl. 24.7), þá er það ekki nýr Picasso sem mest ítök hefur meðal almennings.